

8. gr.

60

Fé Domus Medica skal ávaxta í ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem stjórnin er sammála um að telja jafn tryggilega. 26. apríl

9. gr.

Komi til þess, að Domus Medica yrði lögð niður, skulu eignir stofnunarinnar skiptast að jöfnu milli Læknafélags Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Læknaeildar Háskóla Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema því aðeins, að $\frac{4}{5}$ hlutar stjórnarinnar samþykki breytinguna og að breytingarnar séu síðan samþykktar af stjórnnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

AUGLÝSING

61

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

27. apríl

Frá og með deginum í dag að telja ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. apríl 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

62

um breytingu á reglum nr. 6 15. jan. 1960, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

28. apríl

1. gr.

Í stað „325,00“ í D-lið 1. gr., komi: 375,00.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt heimild í 55. gr. laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1960.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.